

Þetta er síðasti Skóla-akur á þessu skólaári, við þökkum lesendum fyrir veturinn og óskum þeim gleðilegs sumars.

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 11. tbl. 6. árg. 7. júní 2012

Myndir frá afhendingu viðurkenninga skólanefndar Akureyrarbæjar.



Hér á eftir verður fjallað stuttlega um þau verkefni sem felast í stjórnkerfisbreytingum sem samþykktar voru í bæjarstjórn þann 17. apríl sl. Skóladeild og miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri hafa þegar hafið vinnu við að gera framkvæmdaáætlun vegna þessara verkefna.



Dreifstýring í leikskólum.

Dreifstýring kallar á vald til stofnunar og aukna ábyrgð þar. Skólar móta stefnu sína eins og verið hefur. Þeir fá aukið svigrúm til að ráðstafa úthlutuðu fjármagni. Í því felst m.a. að ákveða fyrirkomulag stjórnunar í skólanum þ.e. hvort núverandi fyrirkomulag með deildarstjórum verður áfram eða því breytt á einhvern hátt. Skólastjóri fær ákveðna upphæð til ráðstöfunar sem hann ásamt stjórnunarteymi sínu og í samráði við starfsmenn og foreldraráð ákveður hvernig skuli nýtt. Tekið skal mið af þeirri þjónustu sem skólinn á að veita s.s. lágmarksfjölda barna, lágmarks skólatíma, mönnun, kennslu í samræmi við aðalnámskrá og skólastefnu, gjaldskrá, fyrirkomulagi hádegismálsverða og lokunar vegna sumarleyfa.

Skólarnir setja fram stefnu um uppeldi og kennslu í samræmi við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélagsins. Þeir hafa svigrúm til að skipuleggja og setja stefnu um kennslu og umönnun ásamt því að setja aga- og þjónustustefnu. Skólarnir hafa tækifæri til að skipuleggja og breyta stjórnun skólans með staðfestingu skólanefndar. Skólar geta ákveðið hvernig nýta á rými skólans miðað við barnafjölda og aldur barna. Möguleikar skapast þar á að fjölga börnum og fá þar af leiðandi auknar tekjur til ráðstöfunar. Mögulegt er að ákveða hvort boðið verður upp á lengri skóladag en 8,5 klst., en þó er gerð sú krafa að gjöld þurfi þá að standa undir kostnaði. Skólar hafa tækifæri til að ákvarða sveigjanleika í vistun og geta boðið upp á fjölbreyttari vistunarmöguleika en nú er. Einnig hafa þeir tækifæri til að breyta fyrirkomulagi á morgun- og síðdegis-hressingu sem boðið er upp á í skólunum. Öll mönnun verður þó að falla undir laga- og fjarhagsramma sem gefinn er upp.

Frekara svigrúm ræðst af því hvernig stjórnendur nýta þau tækifæri sem í þessum hugmyndum felast. Þetta getur leitt til þess að þjónusta leikskóla verður mismunandi og getur því verið nauðsynlegt að breyta uppbyggingu gjaldskrár skólanna.

Naustatjörn og Naustaskóli

Við stofnun Naustaskóla var horft sérstaklega til samstarfs eða samfellu við leikskólann Naustatjörn. Strax á fyrsta starfsári grunnskólans var hluti starfsemi Naustatjarnar hýst innan veggja hans og mótuneyti leikskólans nýtt fyrir Naustaskóla. Skólunum verður veitt ráðgjöf og stuðningur til að vinna að áframhaldandi þróun samstarfs skólanna. Í upphafi verður áhersla lögð á að stjórnendur skólanna skoði möguleika á samnýtingu starfsfólks í skólunum, annars en kennara. Í öðru lagi verði skoðað hvernig nýta má húsnæði skólanna í þágu beggja. Í þriðja lagi er mikilvægt að skoða hvaða hugmyndir eða viðfangsefni skólarnir eiga sameiginleg og hvernig þeir geta unnið saman að þeim til mótunar samfellds skólastarfs. Lögð er áhersla á að stjórnendur leiði þetta starf á lýðræðislegan hátt en fái markvissan stuðning við að koma á umræðum, draga saman niðurstöður og móta sýn.

Leiðrétting á frétt um uppskeruhátíð leik- og grunnskóla.

Í síðasta tölublaði var ranglega sagt frá því að nemendur Giljaskóla hafi aðstoðað við að grilla á uppskeruhátíð skólanna en það er ekki rétt farið með því það voru nemendur í 8. bekk Síðuskóla sem veittu aðstoð í grillinu og afgangið pylsur ofan í mannskapinn. Beðist er velvirðingar á þessum leiðinlegu mistökum.

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8 - 13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Viðurkenningar skólaneftdar 2012.

Fimmtudaginn 31. maí kl. 17.00 boðaði skólaneftnd Akureyrarbæjar til samkomu í Menningarhúsinu Hofi – Hömrum, þar sem nemendum, kennurum og starfsmönnum við skóla Akureyrarbæjar var veitt viðurkenning fyrir að hafa skarað fram úr í starfi. Þetta er í þriðja sinn sem skólaneftnd stendur fyrir samkomu sem þessari en hún er í samræmi við áherslur í skólafélagi Akureyrarbæjar. Óskað var eftir tilnefningum frá starfsmönnum, skólum og foreldrum um nemendur og starfsmenn eða verkefni sem talin voru hafa skarað fram úr í skólafélagi. Valneftnd sem skipuð var fulltrúum frá skólafélagi, samtökum foreldra og Miðstöð skólafélagar HA fór yfir allar tilnefningar og gerði tillögu til skólafélagar sem skólafélagi samþykkti á fundi sínum þann 30. maí.

Hér má sjá nöfn þeirra er fengu viðurkenningu:

Baldvin Þór Jónsson nemandi í Hlíðarskóla fyrir framúrskarandi árangur í námi, þroska og öllu starfi.

Baldvin hefur verið algjör fyrirmyndarnemi, bæði í námi og hegðun og skarað framúr að öllu leyti hvað þroska varðar.

Helena Ósk Hilmarsdóttir nemandi í Síðuskóla fyrir ótrúlega þrautseigju og dugnað.

Helena gefst aldrei upp þó að á móti blási þótt hún glími við líkamlega fötlun. Alltaf jákvæð og glöð í bragði. Flott stelpa í alla staði.

Gunnar Úlfarsson nemandi í Brekkuskóla fyrir félagsþroska og virðingu fyrir samferðamönnum sínum.

Gunnar er einstaklega hlýr og jákvæður einstaklingur sem sýnir mikinn félagslegan þroska og virðir störf og skoðanir annarra, er réttssýnn og hugsar vel um velferð annarra.

Egill Ólafur Arnarsson nemandi í Oddeyrarskóla fyrir dugnað, samvirksemi og að vera hjálpsamur og tillitsamur. Egill Ólafur er duglegur og samvirkusamur við nám sitt, opin fyrir hugmyndum og nýjum aðferðum við að læra og öðlast þekkingu. Hann er kurteis, umhyggjusamur og hjálpsamur við þá sem eiga erfitt.

Mattis Leo Meckl nemandi í Oddeyrarskóla fyrir afburðafærni í tungumálum, vinnusemi og glaðlyndi.

Mattis Leo hefur sýnt afburðafærni í tungumálum þar sem hann talar fjögur tungumál. Hefur sýnt mjög mikla færni í íslensku, lestri sem ritun. Glæðlegur, vinnusamur og hjálpsamur drengur.

Eva Laufey Eggertsdóttir nemandi í Giljaskóla fyrir hógvæð, hjálpssemi og að vera til fyrirmyndar bæði hvað varðar námsáhuga og framkomu.

Eva Laufey er framúrskarandi nemandi, hógvæð, hjálpsöm og til fyrirmyndar bæði hvað varðar námsáhuga og framkomu. Eva Laufey hefur verið í marimbassveitum skólans og sýnt þar góða tilfinningu fyrir tónlist og sérstaka hjálpssemi við aðra nemendur.

Hulda Björg Hermannsdóttir nemandi í Lundarskóla fyrir framfarir í námi.

Hulda Björg hefur sýnt miklar framfarir í námi og er það hennar eigin vinnusemi og viðhorfsbreytingu að þakka. Hún gengur í verkefni sín af festu og hefur unnið þar marga sigra.

Baldur Ásgeirsson nemandi í Naustaskóla fyrir góðan námsárangur, að vera góð fyrirmynd, fyrir listsköpun/tjáningu, samskiptahæfni, frumkvæði og framlag til að auðga skólaandann.

Baldur er sterkur námsmaður, fljótur að tileinka sér nýja færni og þekkingu. Hann er þrautseigur og útsjónarsamur við lausn viðfangsefna. Hann hefur mikinn metnað til að gera sífellt betur. Kurteis, þrúður, sáttfús, úrræðagóður, frumlegur og skapandi.

Leikskólinn Kiðagil fyrir þróunarverkefnið „leikskólalæsi“. Þróunarverkefnið leikskólalæsi hófst árið 2009. Allar deildir skólans, alls fjórar, tóku markvisst þátt í þróun verkefnisins og lauk því formlega vorið 2011. Framkvæmd verkefnisins byggist á fjölbreyttum verkefnum sem unnin hafa verið í starfsmannahópnun s.s. námsgögnum sem kennarar hafa þróað út frá hugmyndum sínum og reynslu.

Leikskólinn Pálmholt fyrir verkefnið „hringrásir allan ársins hring“. Um er að ræða metnaðarfullt verkefni þar sem ungum börnum er gefið tækifæri til að tileinka sér vísindalega þekkingu, gera tilraunir og vinna að skapandi verkefnum byggðum á kennslu um hringrás náttúrunnar og vatnsins. Þekkingarleitinn fer fram í nærumhverfi leikskólans og innan skólans er unnið með þekkinguna í sköpun, með umræðum og tilraunum sem vekja áhuga og tilefni til þess að spyrja fleiri spurninga og læra meira.

Naustaskóli fyrir verkefnið „jákvæður agi“. Agastefnan Jákvæður agi í Naustaskóla hefur farið af stað af krafti. Starfinu innan skólans hefur verið fylgt eftir með námskeiðum og kynningum fyrir foreldrahópinn. Skólinn hefur náð góðum árangri í agamálum og nemendur skólans koma vel út í könnunum þar sem spurt er um líðan í skólanum.

Hlíðarskóli fyrir fjölskylduráðgjöf fyrir foreldra í Hlíðarskóla og ráðgjöf við grunnskóla Akureyrarbæjar.

Tilneftndar: Guðbjörg Inga Ingimundardóttir og Valdís Eyja Pálsdóttir. Hlíðarskóli er eini skólinn á Íslandi sem vinnur með mál hvers nemanda sem heild þ.e. vinnur líka með foreldrunum/foreldrana til að bæta hag hvers nemenda. Skólinn sér einnig um stuðning og ráðgjöf við aðra grunnskóla Akureyrarbæjar og kemur að þeim málum með mjög fjölbreyttum hætti.

Hafðís Kristjánsdóttir fyrir frumkvöðlastarf í umhverfismálum. Hafðís hefur verið leiðandi í umhverfismálum Síðuskóla en skólinn hefur verið grænánaskóli undanfarnir 6 ár og hefur hún verið leiðandi í því verkefni. Hún er mikill eldhugi um umhverfismál almennt, er umhugað um velferð nemenda skólans og kemur fram við þá með umhyggju og virðingu.

Dagný Birnisdóttir fyrir frábært starf er snýr að því að glæða áhuga nemenda fyrir bókmenntum og lestri og að miðla þekkingu sinni.

Dagný hóf störf við Lundarskóla 1984 og hefur haft umsjón með bókasafni skólans frá þeim tíma. Hún er dugleg að kynna sér bókmenntir og er vel lesin í bókum safnsins. Hún er því afar fær um að aðstoða nemendur við val á lesefni og getur auðveldlega glætt áhuga þeirra á lestri. Dagný er dugleg að kynna sér nýjustu strauma og stefnur varðandi ýmis kennslufæðileg málefni, ekki síst tengd læsi.

Rósa Eggertsdóttir fyrir ómetanlegt framlag til skólamála. Rósa hefur starfað í Háskólanum á Akureyri til margra ára. Hún er frumkvöðull í læsiskennslu og hefur beitt sér fyrir breyttum kennsluháttum almennt. Rósa hefur verið óþreytandi í störfum sínum í skólamála og hafa skólar á Akureyri notið góðs af störfum hennar á mörgum sviðum og er henni því veitt sérstök heiðursviðurkenning skólafélagar árið 2012.